



Vatnsendahvarf – drög að deiliskipulagi

Kynning á vinnslustigi

Dags. 12. maí 2022

one:2011714

Minnisblað

Úrvinnsla sjónarmiða í framkonum athugasemdum á kynningartíma og samráðsfundum.

Samráð við mótun tillög að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs.

Við mótun deiliskipulagstillögu var haft viðtækt samráð við íbúa og hagsmunaaðila í samræmi við áætlun um samráð dags. 24.04.2022. Með forkynningu á vinnslustigi er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillögu að deiliskipulagi. Forkynningartímabil var frá 8 mars - 22 apríl 2022. Í þessu minnisblaði er gert grein fyrir samráðsferlinu á forkynningarstigi og úrvinnslu athugasemda. Vinna við að fullmóta deiliskipulagið stendur yfir.

Kynningarefni og auglýsingar

Útbúin voru rafræn kynningargögn og veggspjöld sem hengd voru upp á forkynningar tímabili vinnslutillögunar.

- Kynningargögn/veggspjöld hengd upp í verslunarkjarna í Vallarkór og Salalaug
- Ávarp um samráðsferlið og kynningarmyndband um deiliskipulagstillöguna birt á heimasíðu Kópavogs
- Samfélagsmiðlaðir notaðir til að vekja athygli á vinnslutillögu
- Dreifibréf send á umsagnaraðila og íbúa
- Auglýsingar birtar á vef Kópavogsbæjar, Lögbirtingablaðinu 14 mars, Fréttablaðinu 12 mars og Kópavogsblaði 29 mars.

Vinnustofur með nemendaráðum Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla

Vinnustofur með nemendaráði fóru fram 25. mars í Hörðuvallaskóla og 30. Mars í Vatnsendaskóla. Markmið vinnustofanna var að eiga samtal við fulltrúa nemendur í skólunum tveimur. Vinnslutillaga deiliskipulags var kynnt og kjölfarið unnu nemendur verkefni um útisvæði og samgöngur í nýju hverfi á Vatnsendahæð. Nemendur kynntu hugmyndir sínar í vinnustofunni.

Verkefni nærumhverfi	Efnispættir úr hópavinnu
Hvað finnst ykkur vanta í hverfið ykkar þar sem þið búið? Hvað finnst ykkur mætti vera betra?	• Mætti vera betri strætósýli, betri hjólavegur, ærslabelgur, mínigólfvöllur • Vantar ruslatunnur og hjólabrettapalla • Ærslabelgur, klifurgrind, hjólastígar, hjóla/brettasvæði, búð sem er opin 24/7 • Sundlaug með rennibraut, Hagkaup opin 24/7, útitæki, hoppudýna, skólahreystivöllur, útileiktæki, tjörn,



	• Í fyrsta lagi langar okkur ekki í að hverfið verð byggt því að okkur finnst þetta mikilvægt náttúrusvæði, þetta er eina hundasvæðið í Kópavogi og margir nota þetta sem útivistarsvæði, Ef hverfið verðu byggt erum við með eftirfarandi punkta, fleiri ruslatunnur, hundahótel, rafmagns strætó, frítt í strætó, banna krossara útaf hestagöngu og mikið af börnum búa í hverfinu • Mótorkrossbraut, körfuboltavöll, rólur, sleðabraut
Verkefni Vatnsendahæð	
Hvernig finnst ykkur útivistarsvæðin eiga að vera í nýju hverfi á Vatnsendahæð? Eruð þið með hugmyndir hvar gott er að hafa gögna- og hjólastíga?	• Klifurgrind og leiktæki, ærslabelgur, leiktæki, sleðabrekka • Ærslabelgur, minigolfvöllur, varðeldastæði, grillsvæði, hangsvæði, róló, körfuboltavöllur, sleðabrekka • Hoppudýna, körfuboltavöllur, kaðlagrind, hengirúm, varðeldastæði míni golfvöllur, sleðabrekka • Stærri hundasvæði, sleppa nokkrum húsum í staðin (ekki gera girðingu), leyfa bara rafmagnsbíla í hverfinu, tennisvöll eða strandblak(hægt að hafa hlíf yfir á veturna), Te og kaffi, sleðabrekku, Félagsmiðstöð fyrir allan Kópavogsbæ, stór og flottur leikvöllur fyrir allan aldur t.d aparópla, róla, rennibraut • Krossarabraut, hlaupahjól frá Hopp, körfuboltavöll, fleiri ruslatunnur, útikamra, útsýnispall, sleðabrekka

Opin íbúafundur (streymisfundur)

Opin íbúafundur um vinnslutillögu Vatnsendahæðar var haldin 7 apríl 2022 í sal Hörðuvallaskóla, frá 17-19. Alls mættu 67 íbúar á fundinn skv. talningu starfsmanna. Um 133 fylgdust með beinu streymi. Á fundinum var vinnslutillaga og umferðargreining kynnt og kjölfarið var opnað fyrir spurningar.

Kynningarfundur í félagsmiðstöð eldri borgara í Boðáþingi

Kynningarfundur var haldin um vinnslutillögu Vatnsendahæðar í félagsmiðstöð eldri borgara í Boðáþingi, þann 28 mars. Eldri borgarar voru sérstaklega hvattir til að koma með ábendingar og athugasemdir.

Samráðsfundur með menntasviði/skólastjórnendum

Þegar nýtt hverfi byggist upp er gert ráð fyrir fjölgun nemenda á grunnskólastígi. Haldnir voru fundir með Menntasviði Kópavogs og skólastjórnendum varðandi nemendafjölda og stöðu skólana í hverfinu.





Á forkynningartímabili bárust 22 athugasemdir og ábendingar um vinnslutillögu sem lagðar voru fram á fundi skipulagsráðs 2.maí 2022. Þrjár athugasemdir hafa borist eftir að frestur rann út. Hér að neðan er gert grein fyrir efnisatriðum ábendinga og hvernig áframhaldandi vinnu við deiliskipulag verði háttað.

Umsagnaraðili	Efnisatriði	Móttekið
Sveitarfélög og opinberar stofnanir		
Strætó bs	Bendir á að deiliskipulagð sé ekki samgöngumiðað skipulag. Engin strætóleið þjónusti svæðið.	23.3.2022
Vegagerðin	Uppfæra hljóðkort	6.4.2022
Reykjavíkurborg	Gerir ekki athugasemdir	11.4.2022
Skipulagsstofnun	Benda á skipulagsmörk og skilmála um hljóðsvist og loftgæði	13.4.2022
Umhverfisstofnun	Bendir á að ef friðuðum plöntum er raskað er nauðsýnlegt að flytja plönturnar á aðra staði.	20.4.2022
Veitur	Gera þarf ráð fyrir dreifistöð rafmagns í nýju deiliskipulagi.	25.4.2022
Náttúrufræðistofnun Íslands	Lagt er til að torfur með vaxtarstöðum blátoppu séu færðar til.	25.4.2022
Landsnet	Bendir á mögulega færslu Lyklafellslínu meðfram svæðinu	25.4.2022
Minjastofnun	Staðsetning á rúst við Álfkonuhvarf (42)/MV-9 er ekki rétt sá deiliskipulagsupprætti. 80 metrar af gömlum Vatnsendaveg liggur innan skipulagssvæðis hægt að nýta sem hjólastíg. Samsíða garðlög ásamt steinsteypuleyfum er að finna á svæðinu. Starfsmenn stofnunnar benda á aðrar minjar sem þarf að kanna. Stofnunin telur að það sé mögulegt að það séu fleiri fornleifar á svæðinu sem ekki eru í fornleifaskrá Kópavogs og slíkar leifar eru friðaðar samkvæmt lögum. Stofnunin mun meta hvort að það þurfi að uppfæra fyrirbyggjandi fornleifaskrá sbr reglur um skráningu jarðfesta menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Uppmæling á Vatnsendaveg ætti einnig að sýna á upprætti.	2.05.2022
SSH	Engar athugasemdir	2.05.2022

Húsfélög og íbúar		
-------------------	--	--



Íbúi	Tillaga um minni lóðir, mikilvægt að gera ráð fyrir innviðum til að hlaða rafmagnsbíla, sérbyli og lífsgæðakjarnar þar sem ungir og gamlir geta búið í samlyndi ofl.	23.3.2022
Íbúi Kórahverfi	Meiri gróður gerir hverfð hlýlegra og vill leiksvæði fyrir börn í staðin fyrir hundagerði	23.3.2022
Íbúi	Ábendingar um þveranir fyrir gangandi séu upphækkaðar, vantar svæði fyrir verslun og þjónustu, breidd gatna, fjöldi bílastæða, aðgengi að leikskóla, skýrari skilmála, fjarlægja bílastæði á útsýnishæðinni við, tré við götur, aðgengi að göngustígum ofl.	24.3.2022
Íbúi	Óskar eftir upplýsingum um göngustíg samsíða Kleifarkór. Mótmælir slíkum stíg.	31.3.2022
Íbúi Kleifarkór 10	Mótmælir göngustíg samsíða Kleifarkór. Hávaðamengun frá vespum og fleira. Segir gögn vera misvísandi ofl.	20.4.2022
Íbúi	Ósáttur við niðurrif útvarpshússins ofl.	21.4.2022
Íbúi Kleifarkór 3	Mikilvægt að varðveita einstakt útsýni til allra átta án þess að húsin skyggi á, jarðvegurinn sem fellur til við uppgröft verði notaður í til að búa heilsubótar og útsýnishól ofl.	21.4.2022
Íbúi Jóruseli Rvk	Mótfallinn þriðja áfanga Arnanesvegar. Svæðið á skilið útsýnissvæði, vonbrigði að hafa verslun-og þjónustu í útjaðri hverfisins. Áhyggjur af umferðaraukningunni og lítilli tengingu við almenningssamgöngukerfið ofl.	22.4.2022
Vinir Vatnsendahvarfs	Margir nýta sér útivistarsvæði á Vatnsendahæð daglega, dýrmætt grænt svæði og útsýni til allra átta, bendir á varpsvæði fugla. Einnig mótmælt nýjum Arnanesvegi. Hætta á miklum vindstrengjum sem gætu verið hættulegir. Þök gætu rifnað og miklir vindir gætu haft áhrif á byggingatímabilið. Byggð mun varpa skugga lengst inni Seljahverfi, óþægileg ljósmengun mun gera það að verkum að ekki er hægt að horfa á stjörnuhiminn, aukin umferð. Mikilvægi grænna svæði að aukast ofl.	22.4.2022
Íbúar Klettakórs 1A-C	Magna lögmannsstofa sendir inn athugasemd fyrir hönd íbúa. Fyrirhuguð uppbygging er íþyngjandi fyrir íbúa Klettakórs, umferð meðfram fasteignum þeirra verði stórauvin með tilheyrandi hljóð og ljósmengun auk þess dragi úr umferðaröryggi barna og annarra íbúa. Útsýni skerðist til muna eða hverfur allt. Vísað nánar í athugasemdina í heild með ítarlegri greinargerð og viðhengjum, auglýsingum, gögnum og myndum af skerðingu útsýnis.	22.4.2022
Íbúi Álfkonuhvarf 37	Áhyggjur af nálægð nýrrar byggðar og aukinni umferð. Framkvæmdatíminn íþyngjandi. Væri fínt að hafa Vatnsendahæðina sem útivistarsvæði.	22.4.2022
Íbúar Álfkonuhvarf 47	Gera alvarlegar athugasemdir við skerðingu á útsýni. Í Álfkonuhvarfi 47 eru þrjár íbúðir sem snúa upp að Vatnsendahæð. Áhrif á útsýni er verulegt þar sem byggt er 2-3 hæða klasabyggð sem allar eru hærri en Álfkonuhvarfi 47. Íbúðir voru kynntar sem útsýnisíbúðir. Gífurlega skuggamyndun af nýrri byggð á Álfkonuhvarf 47 ofl.	22.4.2022
Íbúi Álfkonuhvarfi 37	Skuggafall hefur áhrif á byggð, staðsetning á leikskóla þar sem vindurinn er mestur, skoða betur grunnskóla, á hæðinni er eina hundasvæði í Kópavogi, hundagerði skapar umferð allan daginn, ekki trygg leið fyrir skólabörn yfir götu og lóð Álfkonuhvarfs 37. Bendir á aukin umferðarhávaða, umferðarstíflur þegar fólk keyrir börn í skóla,	22.4.2022



Kópavogsbær

	umferða á uppbyggingatímabili, . Gera þarf ráð fyrir stoðþjónustu í Vatnsendaskóla við stækkun skólans, skv barnasáttmála ofl.	
Kemur ekki fram	Vill þéttari byggð og betri vegatengingar. Ábendingar varðandi félagslegar íbúðir innan svæðisins, aukin umferðarþunga í efri byggðum, efnahagslegur ávinningur er lítill af dreifðri byggð ofl.	24.2.2022
Fleiri aðilar	Fyrirspurnir um úthlutanir lóða	mars/apríl



Hér að neðan er gert grein fyrir hvernig áframhaldandi vinnu við deiliskipulag verður háttað. Unnið er úr ábendingum og athugasemdum m.a með eftirfarandi atriði. Atriðalistinn er ekki tæmandi


Minjar í Vatnsendahvarfi

Skoða þarf nánar staðsetningu á minjaverndarsvæði í aðalskipulagi Kópavogs (MV-9) og rúst í Álfkonuhvarfi skráð númer 42 í fornleifaskrá Kópavogs. Vegna ósamræmis þarf mögulega að fara fram óverulega breyting á Aðalskipulagi Kópavogs.

Minjastofnun bendir á að það sé mögulega fleiri fornleifar á svæðinu sem ekki eru skráðar í fornleifaskrá Kópavogs og slíkar leifar eru friðaðar samkvæmt lögum. Stofnunin getur krafist að gerð verði skráning á fornleifum sbr reglur um skráningu jarðfesta menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Á núverandi stigi í deiliskipulagsvinnunni þarf að meta þörf á uppfærðri fornleifaskráningu.

Skóli fyrir yngstastig á Vatnsendahæð

Eftir samráð með Menntasviði Kópavogs og skólastjórnendum Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla er niðurstaðan sú, að æskilegt er að koma fyrir skóla fyrir yngsta stig (1-4 bekk) í tengslum við við nýjan leikskóla á Vatnsendahæð. Margir kostir eru taldir vera á að byggja varanlegan skóla í stað þess að fara í tímabundnar stækkanir á núverandi skólum. Til eru dæmi um sambærilega grunn- og leikskóla m.a í Mosfellsbæ (Krikaskóli) og Kópavogi (Kársnesskóli). Skoða þarf aðalskipulagsbreytingu vegna stækkunar á samfélagsþjónustureit til að koma fyrir skóla. Ekki er gert ráð fyrir grunnskóla innan samfélagsþjónustureits (s-27).



Aðlaga raðahúsabyggð að sunnan



Kópavogsbær

Unnið er að koma til móts við athugasemdir íbúa Klettakórs með því að breyta og aðlagð raðhúsabyggð á norðanverðu skipulagssvæðinu.

Útbúa skuggavarp

Í ábendingum og athugasemdum frá íbúum er oft bent á mögulega skuggamyndum frá nýrri byggð á Vatnsendahæð. Unnið er að því að útbúa skuggavarp.

Vinnustofur nemenda

Unnið verður með niðurstöður úr vinnustofum nemendaráða skólanna varðandi útisvæði og tengingar. Stefnt er að því að gefa gott pláss fyrir sleðabrekku innan skipulagssvæðisins ofl.

Blátoppa

Viðbrögð vegna ábendinga frá Umhverfisstofnun varðandi og Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi vaxtarsvæði blátoppu sem nýverið hefur verið friðlýst. Settir verða skilmálar sem tryggja flutning á vaxtarsvæði friðlýstra plantna.

Samráðsfundir

Áráðið er að boða auka samráðsfund með íbúum sem hafa sent umfangsmikla athugasemdir um vinnslutillöguna. Boðað verður til fundar fljótlega og verður hann væntanlegur haldinn í lok maí.

Önnur atriði

Áfram verður unnið með ofanvatnslausnir, hljóðvarnir, skipulagsmörk, áhættumat vegna loftslagsáhrifa, staðsetningu á dreifistöð rafmagns, staðsetningu á göngustígum, áhrif á útsýni frá núverandi byggð, umferðaröryggi, vindgreiningu, jarðtækni kortlagningu á sprungum osfrv.